



FJARÐABYGGÐ

## Úthlutunarreglur íþróttastyrkja



Íþróttastyrkjum Fjarðabyggðar er úthlutað annars vegar sem íþróttastyrkjum og hins vegar sem rekstrar- og uppbyggingarstyrkjum. Upphæð íþróttastyrkja miðast við fjárheimildir hvers árs.

Í byrjun febrúar mánaðar er opnað fyrir umsóknir og er umsóknarfresturinn þrjár til fjórar vikur.

Íþróttastyrkir eru greiddir út í maí mánuði eftir að viðkomandi félög hafa skilað inn ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð til Fjarðabyggðar.

Skilyrði fyrir því að Íþróttá- og tómstundafélög geti sótt um íþróttá-, tómstunda- og uppbyggingarstyrki er tenging þeirra við NORA/Sportabler-kerfið og heimild til að taka við frístundastyrk frá Fjarðabyggð. En öll íþróttáfélög sem tilheyra sérsamböndum og íþróttanefndum Íþróttá- og ólympíusambandi geta sótt um íþróttastyrk frá Fjarðabyggð, að því gefnu að viðkomandi félag hafi tengingu við NORA/Sportabler kerfið og óski eftir samstarfi við Fjarðabyggð.

Upplýsingar um félög og fyrirtæki sem taka við frístundastyrk Fjarðabyggðar er að finna á eftirfarandi vefslóð, [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is). og er listinn uppfærður reglulega.

### Íþróttastyrkir

Íþróttastyrkjum er skipt í þrjá hluta og er hlutfallsleg skipting þeirra sem hér segir:

1. Meginfélög 50%
2. Önnur félög (sem falla ekki undir meginfélög) 20%
3. Styrkir til samvinnuverkefna 30%

## Nánari lýsing á flokkum íþróttastyrkja

### Íþróttastyrkir til meginfélaga

Meginfélögin í Fjarðabyggð eru sex; Austri, Leiknir, Valur, Súlan, Hrafnkell Freysgoði og Þróttur.

Þessi íþróttafélög eiga langa og farsæla sögu hvert í sínum byggðarkjarna og bjóða upp á fleiri en eina íþróttagrein fyrir börn og unglinga á aldrinum 0-18 ára auk þess sem þau sinna félags- og forvarnarstarfi og íþróttum fullorðinna.

Styrknum er þannig skipt milli félaga að 20% upphæðarinnar er deilt jafnt á félögin og síðan er afgangi deilt út í hlutfalli við þátttakendur í barna og ungmennastarfi hvers félags sem fengið er úr Sportablar kerfinu. Hver iðkandi er talinn sem einn, iðkandi er talinn sem 0,5 fyrir hverja aukaíþrótt sem hann/hún/hán stundar innan íþróttafélagsins.

### Íþróttá- og tómsundastyrkir til annarra félaga

Í Fjarðabyggð er auðugt íþróttá- og tómsundastarf og gefst félögum sem sinna starfi ætluðu börnum og ungmennum ásamt öðru forvarnarstarfi kostur á að sækja um íþróttá- og tómsundastyrk til Fjarðabyggðar.

### Samvinnuverkefni íþróttafélaga

Samvinnuverkefni, sem stuðla að samvinnu milli íþróttafélaga í Fjarðabyggð eða sameiningu þeirra, eru styrkt sérstaklega. Verkefni sem styrkt eru skulu vinna þvert á byggðarkjarna. Íþróttá- og tómsundanefnd setur viðmið fyrir hverja úthlutun samvinnuverkefna.

### Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir

Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir eru hugsaðir fyrir íþróttafélög sem reka eigin íþróttaaðstöðu og teljast ekki til meginfélaganna. Sótt skal um rekstrar- og uppbyggingarstyrki til íþróttá- og tómsundanefndar. Rekstrar- og uppbyggingarstyrkir eru greiddir út í maí ár hvert eftir að viðkomandi íþróttafélög hafa skilað inn ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð til Fjarðabyggðar. Auglýsa skal styrki 1 febrúar. Lokafrestur umsóknar er 1. mars og skal öllum fylgigögnum vera búið að skila fyrir 1. apríl.

Við mat umsókna er litið til eftirfarandi þátta:

- fyrirhugaðra framkvæmda og samfélagslegs gildis
- rekstrarumfangs
- tilhögun námskeiða fyrir börn, ungmenni og eldra fólks (65+)

Félög skila umsókn og greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur ársins. Auk þess skulu félög skila lýsingu á þeim barna, ungmenna og eldra fólks námskeiða sem fyrirhuguð eru. Starfsmenn íþróttá- og tómsbundanefndar fundu með forsvarsmönnum félaga og leggja tillögu fyrir íþróttá- og tómsbundanefnd um skiptingu.

Íþróttá- og tómsbundanefnd áskilur sér rétt til að gera allt að 5 ára samning við íþróttáfélög sem reka eigin íþróttáaðstöðu.

---

Íþróttá- og tómsbundanefnd Fjarðabyggðar úthlutar ofangreindum styrkjum. Nefndin setur kvaðir um skil á ársreikningum, ársskýrslum og aðalfundargerð frá íþróttáfélögunum fyrir 1. maí ár hvert og áskilur sér rétt til að leita upplýsinga frá öðrum félögum um starfsemi félaganna og reikninga þeirra.

Fjarðabyggð 22. janúar 2023

  
Jón Björn Hákonarson  
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi íþróttá- og tómsbundanefndar 6. febrúar 2023

Samþykkt á fundi bæjarráðs 13. febrúar 2023

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. febrúar 2023

